

LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 1. TBL. 20. ÁRG. 2014



MINNA MÁL AÐ VERA
KONA Í LÖGMENNSKU
EN ÁÐUR



VIÐTAL VIÐ GEIR
LIPPESTAD



Af vettvangi félagsins

Árni Helgason: Leiðari	4
Ingimar Ingason: Enn fjölgar félagsmönnum í LMFÍ	6
Póknun lögmanna á lögmansstofum	8
Ályktun stjórnar Lögmannafélags Íslands	13
Jónas Þór Guðmundsson Pistill formanns	20

Umfjöllun

Árni Helgason: Viðtal við Geir Lippestad:	
Norska réttarkerfið stóðst prófið	10
Minna mál að vera kona í lögmennsku en áður	14

Aðsent efni

Hörður Felix Harðarson: Samskipti verjenda við vitni	22
Helga Vala Helgadóttir: Í sjálfboðavinnu fyrir íslenska ríkið	28

Á léttum nótum

Af Merði lögmanni	25
-------------------	----

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Árni Helgason hdl.

RITNEFND:
Haukur Örn Birgisson hrl.,
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.,
Þyri Halla Steingrimsdóttir hrl. og
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMADUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Jónas Þór Guðmundsson hrl., formaður.
Jóna Björk Helgadóttir hdl., varaformaður.
Karl Axelsson hrl., ritari.
Guðrún Björk Bjarnadóttir hrl., gjaldkeri.
Guðrún Björg Birgisdóttir, hrl., meðstjórn-
andi.

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Anna Lilja Hermannsdóttir lögfræðingur.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.
Dóra Berglind Torfadóttir, bókhald.

FORSÍÐUMYND:
Forsíðumynd: Í Jökulsárlóni.
Ljósmynd: Ingimar Ingason.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRA:
arni@cato.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440
ISSN 1670-2689

MEISTARANÁM Í LÖGFRÆÐI

VIÐ LAGAEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK.

Umsóknarfrestur um inngöngu
í meistaranámið haustið 2014
er til og með 30. apríl.

Yfirlit yfir kjörgreinar 2014-2016 Haustönn 2014

Kjörgreinar á íslensku	Kennarar
Auðgunar- og efnahagsbrot	Sigurður Tómas Magnússon
Auðlindaréttur	Kristín Haraldsdóttir
Barnaréttur	Svala Ísfeld Ólafsdóttir og Dögg Pálsdóttir
Bótaréttur	Póra Hallgrímsdóttir
Fjölmíðlaréttur	Páll Þórhallsson
Fullnusturéttarfar	Eiríkur E. Þorláksson og Grímur Sigurðsson
Gagnaöflun og málflytningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon og María Ellingsen
Höfundaréttur í upplýsingasamfélagi	Ragnar Jónasson
Persónuupplýsingaréttur	Vigdís Eva Lindal
Réttarsaga	Ragnhildur Helgadóttir
Samkeppnislög í framkvæmd - raunhæft úrlausnarefni	Jóna Björk Helgadóttir
Stjórnhættir hlutafélaga	Jóhannes Rúnar Jóhannsson
Stjórnsýsluréttur (upplýsingaréttur)	Páll Þórhallsson

Kjörgreinar á ensku	Kennarar
European Law: Internal Market	Gunnar Þór Pétursson
International and European Energy Law - íslenskur orkuréttur	Kristín Haraldsdóttir og Fanney Rós Þorsteinsdóttir
International Protection of Human Rights	Davíð Þór Björgvinsson
The Law of the World Trade Organization	Þórdís Ingadóttir og James Mathis
Legal English	Erlendína Kristjánsson
The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition I (fyrrri hluti)	Þórdís Ingadóttir
Refugee Law	Katrín Oddsdóttir

Haustönn 2015

Kjörgreinar á íslensku	Kennarar
Afbrotfræði	Svala Ísfeld Ólafsdóttir
Alþjóðleg lausafjárkaup	Þórður S. Gunnarsson
Alþjóðlegir og innlendir fjármögnunarsamningar	Guðmundur Ingvi Sigurðsson
Alþjóðlegur skattaréttur II	Páll Jóhannesson
Auðgunar- og efnahagsbrot	Sigurður Tómas Magnússon
Fasteignakauparéttur	Ívar Pálsson
Fullnusturéttarfar	Eiríkur E. Þorláksson og Grímur Sigurðsson
Gagnaöflun og málflytningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon og María Ellingsen
Innleiðing EES-réttar í landsrétt	Kristín Haraldsdóttir
Lagasetning	Páll Þórhallsson
Sjó- og flutningaréttur	Einar Baldvín Axelsson
Stjórnskipunarréttur og stjórnskipunarsaga	Ragnhildur Helgadóttir

Kjörgreinar á ensku	Kennarar
European Law: Internal Market	Gunnar Þór Pétursson
International and European Energy Law - íslenskur orkuréttur	Kristín Haraldsdóttir og Fanney Rós Þorsteinsdóttir
International Institutional Law	Þórdís Ingadóttir
The International Law of the Sea	Bjarni Már Magnússon
International Standards of Investment Protection	Finnur Magnússon
Legal English	Erlendína Kristjánsson
Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot (fyrrri hluti)	Garðar Viðir Gunnarsson

- Rannsóknar- og verkefnaþengt 2ja ára meistaranám til ML-gráðu.
- Heimilt er að ljúka náminu á fjórum árum.
- **Námið hentar ekki aðeins þeim einstaklingum sem lokið hafa grunnnámi í lögfræði heldur einnig þeim sem hafa háskólapróf í öðrum greinum.**
- Nemendur sem hafa lokið grunnnámi í lögfræði geta lokið fullnaðarprófi í lögfræði með meistaranáminu.
- Helstu einkenni námsins eru mikið val um áherslur og námsleiðir og margvíslegir möguleikar á sérhæfingu innan lögfræði og samþættingu við aðrar greinar. Einstaklingsbundin námsáætlun.
- Gefinn er kostur á að ljúka meistaranámi á alþjóðasviði

Vorönn 2015

Kjörgreinar á íslensku	Kennarar
Alþjóðlegur skattaréttur I	Páll Jóhannesson
Hjúskapar- og sambúðarréttur	Dögg Pálsdóttir
Ofbeldis- og fíkniefnabrot	Svala Ísfeld Ólafsdóttir og Stefán Eiríksson
Skuldaskilaréttur	Eiríkur E. Þorláksson
Sókn og vörn í sakamálum	Björn L. Bergsson, Hrafnhildur M. Gunnarsdóttir og Birgir Jónasson
Starfsmannaréttur	Elín Blöndal
Stjórnsýsla auðlindamála - frá hugmynd til framkvæmdar	Kristín Haraldsdóttir og Elín Smáradóttir
Sveitastjórnaréttur	Sesselja Erla Árnadóttir
Umhverfisréttur	Kristín Linda Árnadóttir, Sigrún Ágústadóttir og Kjartan Ingvarsson
Úrlausn ágreiningsmála	Arnar Þór Jónsson
Vátryggingaréttur	Póra Hallgrímsdóttir

Kjörgreinar á ensku	Kennarar
EU Constitutional Law	Gunnar Þór Pétursson
European Company Law	Hallgrímur Ásgeirsson
European Law: State Aid and Competition	Dóra Sif Tynes
International Courts and Dispute Settlements	Þórdís Ingadóttir
Seminar on Intellectual Property Rights in International Commerce; IP Agreements	Hafliði K. Lárusson
The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition II (seinni hluti)	Þórdís Ingadóttir
Evrópskur kauparéttur	Matthías G. Pálsson

Vorönn 2016

Kjörgreinar á íslensku	Kennarar
Alþjóðleg áhrif í íslenskum rétti	Þórdís Ingadóttir
Alþjóðlegur einkamálaréttur	Eiríkur E. Þorláksson
Hagnýtur samningaréttur	Þórunn Helga Þórðardóttir
Heilbrigðisréttur	Dögg Pálsdóttir
Kaup á fyrirtækjum/samruni og áreiðanleikakannanir	Ólafur F. Haraldsson, Garðar G. Gíslason og Kristín Edwald
Neytendaréttur	Áslaug Árnadóttir og Þórunn Anna Árnadóttir
Ofbeldis- og fíkniefnabrot	Svala Ísfeld Ólafsdóttir og Stefán Eiríksson
Réttarsálfræði	Jón F. Sigurðsson, Anna K. Newton og Gísli Guðjónsson
Samningatækni	Kristján Vigfússon
Siðfræði fyrir lögfræðinga	Arnar Þór Jónsson
Skuldaskilaréttur	Eiríkur E. Þorláksson
Sókn og vörn í sakamálum	Björn L. Bergsson, Hrafnhildur M. Gunnarsdóttir og Birgir Jónasson
Starfsemi lífeyrissjóða	Tómas Njáll Möller
Verktaka- og útböðsréttur	Erlendur Gíslason, Jón E. Malmquist og Sigurður Snædal Júlíusson
Vinnuréttur	Bergþóra Ingólfssdóttir

Kjörgreinar á ensku	Kennarar
EU Constitutional Law	Gunnar Þór Pétursson
European Convention on Human Rights	Davíð Þór Björgvinsson
European Law: Financial Services	Hallgrímur Ásgeirsson
International Law and the Arctic	Bjarni Már Magnússon
International Oil and Gas Law	Dr. Eduardo Pereira
Trade Mark Law	Ásdís Magnúsdóttir
Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot (seinni hluti)	Garðar Viðir Gunnarsson



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um meistaranámið á vef lagaeildar
Háskólans í Reykjavík: www.lagaeild.is



Reynt á réttarríkið

Á TYLLIDÖGUM OG í orði kveðnu taka langflestir undir að réttarríkið sé mikilvægt og að gæta skuli að því að mál fái rétta og sanngjarna meðferð. Vandinn er hins vegar sá að þegar óvæntir og ógeðfelldir atburðir eiga sér stað víkja slík sjónarmið gjarnan fyrir reiði og þeirri mannlegu þrá að vilja ná sér niður á þeim brotlega. Þá virðast fyrirbæri á borð við réttarríki og sanngjarna málsmeðferð fyrst og fremst teifa fyrir eðlilegum framgangi málsins. Þegar um hægist rennur fólki hins vegar allajafna reiðin og þegar horft er til baka telja flestir það mikilvægt að unnið hafi verið eftir þessum gildum.

Fáir lögmennt hafa upplifað þetta ferli jafnskýrt og norski lögmaðurinn Geir Lippestad, sem tók að sér að verja Anders Bering Breivik í kjölfar ódæðisverkanna í Útey sumarið 2011. Lippestad kom hingað til lands í febrúar og hélt fyrirlestur á vegum Lögmannafélagsins um reynslu sína af málinu og á félagið hrós skilið fyrir þennan viðburð sem var einkar vel sóttur. Lögmaðurinn lýsti þar reynslu sinni af málinu og samskiptum sínum við Breivik á afar hreinskilinn og opinskáan hátt, t.d. að hann hafi verið mjög efins um að taka málið að sér þegar fyrst var til hans leitað. Hann rifjaði upp hvernig konan hans, sem er hjúkrunarfræðingur, brást við þegar hann sagði henni að þetta verkefni stæði til boða. Andstætt því

sem hann átti von á þá hvatti hún hann áfram, m.a. með þeim rökum að þegar fólk kæmi á sjúkrahús væri aldrei spurt að því hver viðkomandi væri heldur fengju allir sömu meðferðina. Ætti ekki sama að eiga við um sakborninga innan réttarkerfisins?

Hann ákvað að taka að sér málið og fylgdi því eftir alla leið. Þótt réttarhöldin hafi verið afar ítarleg og farið hafi verið nákvæmlega yfir málið lá niðurstaða málsins ljós fyrir lengst af, sérstaklega eftir að fallið var frá þeirri málsvörn að Breivik væri geðveikur. Réttarhöldin snerust af þeim sökum ekki síst um hvernig haldið yrði utan um mál sem þetta. Að mati Lippestad stóðst norska réttarkerfið þetta próf, virti réttindi sakborningsins og leyfði honum að tjá sig fyrir dóminum, jafnvel þótt hann væri Breivik. Hann fékk að njóta mannlegrar virðingar við réttarhöldin, eitt hvað sem bandarískir og rússneskir viðmælendur Lippestad skilja illa. Í Bandaríkjunum hefur Lippestad verið spurður hvernig á því hafi staðið að sakborningurinn hafi fengið að vera í jakkafötum en ekki í appelsínugulum búningi líkt og tíðkast þar í landi.

Lippestad lýsti því einnig að fyrstu viðbrögðin í Noregi hafi, skiljanlega, verið mikil reiði meðal fólks og hann og fjölskylda hans urðu fyrst um sinn jafnvel fyrir aðkasti. Hins vegar hafi

mjög fljótlega myndast um það víðtæk samstaða að málsmeðferðin yrði byggð á grunnildum lýðræðis og réttarríkisins og þakkar Lippestad það ekki síst skýrum og afgerandi skilaboðum frá lykilstofnunum samfélagsins. Fullyrða má að það tókst að tryggja eðlileg málsmeðferð og er það norsku þjóðinni til mikils sóma.

Þótt Íslendingar samsvari sig með þeim gildum sem Norðmenn byggðu á, er ástæða fyrir okkur að staldra við og velja því fyrir okkur hvernig íslenskt samfélag og íslenskt réttarkerfi væri í stakk búið til þess að takast á við jafn erfitt mál. Vel var t.d. gætt að því að í máli Breivik að verjandinn og hans aðstoðarmenn fengju fullnægjandi aðstöðu og tíma til að vinna sína vinnu. Fá sakborningar og verjendur ávallt nægjanlegt svigrúm til þess að taka til varna? Gefa dómstólar sér nægan tíma í réttarhöld? Þótt margt sé rétt gert hér á landi getum við alltaf gert betur í þessum efnunum.

Gagnaílát fyrir örugga eyðingu gagna

Við sækjum gögnin þegar þér hentar

PDC

32 lítra

Tekur allt að 10 kg af pappír

S-76

76 lítra

Tekur allt að 30 kg af pappír

Mál: 70 (h) x 28 (b) x 51 (d)

E-120

120 lítra

Tekur allt að 55 kg af pappír

Mál: 93 (h) x 48 (b) x 56 (d)

E-240

240 lítra

Tekur allt að 120 kg af pappír

Mál: 107 (h) x 58 (b) x 74 (d)



GAGNAEYÐING


Örugg eyðing gagna yfir 20 ár

Bæjarflöt 4 / 112 Reykjavík / Sími: 568 9095

www.gagnaeyding.is


Enn fjölgar félagsmönnum í LMFÍ

ENN FJÖLGAR FÉLAGSMÖNNUM Í LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS. Í MARSBYRJUN 2014 VAR FJÖLDI ÞEIRRA KOMINN Í 1036 OG HEFUR FÉLAGSMÖNNUM ÞVÍ FJÖLGAÐ UM 39 FRÁ SAMA TÍMA ÁRIÐ Á UNÐAN EÐA UM 3,5 %.




Af þessum 1036 félagsmönnum eru héraðsdómslögmenn 728 og hæstaréttarlögmenn 308. Alls eru 473 lögmenn sjálfstætt starfandi og 233 lögmenn starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Innanhússlögmenn hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum eru 286 talsins, þar af 83 hjá ríki eða sveitarfélögum og 203 starfa hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Fjöldi lögmanna sem ekki stunda lögmannsstörf sökum aldurs, sjúkleika eða af öðrum ástæðum er 44 talsins.

Samsetning (%) félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.




Grafið sýnir fjölgun félagsmanna í Lögmannafélagi á tímabilinu 2004-2014.




Af félagsmönnum í Lögmannafélaginu eru 311 konur. Þar af er 41 hæstaréttarlögmaður. Sjálfstætt starfandi konur í lögmansstétt eru 90 talsins og 93 starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 126 konur sem innanhússlögmenn, þar af 38 hjá ríki eða sveitarfélögum og 88 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Þá eru tvær konur hættar störfum.

Skipting (%) kvenna í LMFÍ eftir því hvar þær starfa.



Konum hefur fjölgað jafn og þétt undanfarin ár og er hlutfall þeirra af heildarfjölda félagsmanna komið í 30%, samborið við 22% árið 2004.


Grafið sýnir kynjahlutfall í LMFÍ á tímabilinu 2004-2014.



Af félagsmönnum eru 725 karlar, þar af er 267 hæstaréttarlögmenn. Af þessum 725 körlum eru 383 sjálfstætt starfandi og 140 félagsmenn starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Sem innanhússlögmenn hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 160 karlar, þar af 45 hjá ríki eða sveitarfélögum og 115 hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum. Þá eru 42 karlar hættir störfum.

Skipting (%) karla í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.

Þóknun lögmanna á lögmannsstofum



SÍÐASTLIÐIÐ HAUST GERÐI Lögmannablaðið könnun meðal lögmanna í félaginu og birtust niðurstöður hennar í 3. tölublaði. Þar sem vafi lék á því hvort blaðinu væri leyfilegt að birta niðurstöðu könnunarinnar varðandi tímagjald lögmanna var leitað til Samkeppniseftirlitsins sem taldi enga annmarka á því að eftirfarandi umfjöllunin yrði birt.

Verð á útseldum tíma án virðisaukaskatts hjá lögmönnum er frá 10.000 krónum. Um helmingur lögmanna tekur tímagjald sem er á bilinu 18.000-21.900 krónur, 26% rukkar 22.000-27.900 krónur á tímenn, 14% rukkar 14.000-17.900 krónur, 4% rukkar yfir 28.000 krónur og 3% rukkar á bilinu 10.000-13.900 krónur. Ekki sáust merki þess að konur væru að rukka lægra tímagjald eins og fram kom í könnuninni árið 2007.

Af lögmönnum á aldursbilinu 25-39

ára rukkar 17% á bilinu 14.000-17.900 krónur og 56% á bilinu 18.000-21.000 krónur. Athyglisvert er að af lögmönnum á aldursbilinu 50-59 ára, sem eru væntanlega hoknir reynslu eftir áratugi í starfi, rukka 18% á bilinu 14.000-17.900 krónur og 42% á bilinu 18.000-21.000 krónur. Í könnuninni sem var gerð 2007 vakti athygli að yngstu lögmennirnir með minnstu starfsreynsluna voru ekki í hópi þeirra sem tóku lægsta tímagjaldið en þeir störfuðu hlutfallslega flestir á

stórum lögmannsstofunum. Þetta virðist nú breytt þar sem 77% lögmanna undir fertugu taka undir 22.000 krónur á tímenn.

Í athugasemdum sem lögmönnum gafst kostur á að koma með segir meðal annars að fastir viðskiptavinir fái afslátt af taxa og þeir sem eru mikið í réttargæslu fái eftir þeim taxa sem dómstólaráð hafi gefið út.



Viðtal við Geir Lippestad

Norska réttarkerfið stóðst prófið

NORSKI LÖGMAÐURINN Geir Lippestad fékk eitt erfiðasta verkefni sem nokkur lögmaður getur fengið, þegar lögreglan hringdi í hann eldsnemma morguninn eftir fjöldamorðin í Útey og tilkynnti honum að Anders Breivik hefði óskað eftir því að hann yrði verjandi sinn. Lippestad tók að sér starfið og sinni því af sömu yfirvegum og virðingu fyrir grundvallarreglum réttarríkisins og einkenndi öll viðbrögð norsku þjóðarinnar við þessum voðaverkum.

Lippestad hélt fyrirlestur hér á landi á vegum Lögmannafélagsins í febrúar. Fyrirlesturinn vakti mikla athygli og var vel sóttur. Lippestad féllst á að veita Lögmannablaðinu viðtal í kjölfar fundarins. Fyrsta spurningin var sú hvort Lippestad teldi að norska réttarkerfið

hefði staðist prófið þegar þetta ótrúlega mál kom upp?

„Ég tel að norska kerfið hafi staðist þetta próf með sóma. Lögreglan kom fram við Breivik af virðingu, rannsókuðu þetta mál vandlega og í raun á sama hátt og önnur mál. Breivik var gefinn kostur á að tala í alls tíu daga í opnum réttarhöldum. Ég tel að allt hafi verið gert til þess að tryggja að þetta yrðu sanngjörn réttarhöld. Það sem meira er þá held ég að norskur almenningur hafi brugðist ótrúlega vel við. Ég þakka það því að mjög fljótlega eftir voðaverkin komu sterk skilaboð frá mikilvægum stofnunum á borð við kirkjuna, forsætisráðherra og ríkisstjórnina, fjölmiðla, konunginn og ekki síst frá unga fólkinu sem var í Útey um mikilvægi þess að virða lýðræðið

og réttarríkið. Fólk skildi smám saman hve mikilvægt var að taka á þessum atburðum með grunngildi réttarríkisins að leiðarljósi.“

Þegar þú ferðast um heiminn og segir frá þinni reynslu, hver eru viðbrögð kollega þinna og þeirra sem þú ræðir við? Hvaða viðbrögð telurðu að svona mál hefði fengið annars staðar?

„Ég er viss um að hin Norðurlöndin hefðu tekið á málinu á sama hátt og gert var í Noregi. En þegar ég t.d. tala við fréttamenn frá Rússlandi eða Bandaríkjunum, þá koma fram allt önnur viðbrögð. Það kemur þeim verulega á óvart að komið hafi verið fram við Breivik af svona mikilli virðingu. Í Bandaríkjunum er t.d. mikið spurt út í það hvers vegna Breivik fékk að vera



í jakkafötum við réttarhöldin, þar sem sakborningar þar í landi eru látnir vera í appelsínugulum fangagöllum. En það á að sýna sakborningum mannlega reisu, hvort sem er við réttarhöld eða síðar meir.“

Árið 2001 varði Lippestad Ole Nicolai Kvisler, sem var ásamt öðrum manni dæmdur fyrir morð á ungum dreng fæddum í Noregi en faðir hans var frá Ghana. Uppruni drengsins og kynþáttur hans var ástæða morðsins. Það var út af þessu máli sem Breivik tók eftir Lippestad, þótt hann tengdist ekki Kvisler eða málinu á neinn hátt. Þegar Breivik var handtekinn 22. júlí 2011 hafði hann í förum sínum tíu ára gamalt nafnspjald Lippestad og morguninn eftir ódæðin í Útey óskaði Breivik eftir því að Lippestad yrði verjandinn hans. Símtalið frá lögreglu kom Lippestad verulega á óvart.

„Ég, eins og aðrir Norðmenn, horfði í losti á fréttir af þessum atburðum. Ég man að ég hugsaði um hvort ég þekkti einhverja þeirra sem hefðu látið lífið eða slasast í Útey. Morguninn eftir var hringt í mig af lögreglustöðinni og óskað eftir að ég yrði lögmaður Breiviks. Því átti ég ekki von á og fyrstu viðbrögð mín voru að ég myndi alls ekki taka þetta að mér, heldur vísa því áfram til

annars lögmans. Ég vakti konu mína í kjölfarið og sagði henni að Breivik vildi að ég verði sig. Ég man að ég lýsti þessu fyrir henni þannig að ef ég myndi taka að mér mál hans þýddi það líklega að ég yrði fjarverandi frá heimilinu meira og minna næstu þrjú árin og að ég og hún yrðum hugsanlega hötuð í Noregi. En viðbrögð konu minnar voru ótrúleg – hún er hjúkrunarfræðingur og spurði mig hvað væri eiginlega vandamálið, ef Breivik hefði særst og komið á sjúkrahús, þá hefði ekki komið neinum til hugar að segja sig frá málinu, heldur hefði hann fengið meðferð án umhugsunar af hálfu lækna og hjúkrunarfræðinga, sömu meðferð og allir aðrir. Þetta vakti mig til umhugsunar og kallaði fram áleitnar spurningar um siðferði í lögmansstörfum. Þegar ég horfði á þetta svona, þ.e. út frá grundvallarreglum réttarríkisins, þá var auðveldara að nálgast málið og taka það að sér.“

Aðspurður hvort þær áhyggjur hans hafi reynst réttar að hann og kona hans yrðu hötuð í Noregi segir Lippestad að fyrstu vikunnar eftir að hann tók málið að sér hafi þau fundið aðeins fyrir því en síðan hafi það ekki verið.

„Raunar þvert á móti þá hefur almenningur í Noregi sýnt mínu

hlutverki sem verjandi Breiviks mikinn skilning. Að mörgu leyti held ég að norska þjóðin sé eftir á stolt af því hvornig tekið var á þessu máli.“

Við rekstur málsins fyrir dómi kom fljótlega í ljós að vafi var á sakhæfi Breiviks, m.a. þar sem einn lækurinn taldi hann geðveikan. Sá þáttur málsins þróaðist hins vegar á þann hátt að Breivik óskaði eftir því að hann fengi efnisdóm í málinu. Þegar Lippestad er spurður hvort þetta hafi ekki verið snúin staða segir hann svo vera.

„Fyrstu sex mánuðina sem við unnum að málinu sagði Breivik við okkur að gera eins vel og við gætum í málinu. Í því fólst að halda því fram að hann væri veikur á geði og ekki sakhæfur, en í skýrslu eins af læknum var talið að hann væri veikur á geði. Ef þetta hefði orðið niðurstaða málsins hefði hann ekki farið í fangelsi heldur á spítala. Í fyrstu miðaði vinna okkar að þessu. En svo gerðist nokkuð furðulegt, rétt fyrir júlín 2011, að hann hafði samband við okkur og bað okkur um að breyta um kúrs. Hann vildi ekki lengur að reynt yrði að sýna fram á að hann væri geðveikur, heldur þvert á móti vildi hann frekar fá dóm og fara í fangelsi. Hann hefur lýst þessum samskiptum fyrir opnum réttarhöldum þannig að ég get sagt frá

Lagaþýðingar í öruggum höndum

Sérhæfðir þýðendur með víðtæka reynslu af öllum sviðum lagatexta.
Öll helstu tungumál. Traust og fagleg þjónusta.

Sendu okkur fyrirspurn á skjal@skjal.is og við komum þinni þýðingu í öruggar hendur.



þeim hér. Ég spurði hann hvers vegna og hann sagði að ef hann yrði talinn geðveikur, þá myndi ekki vera litið á hann sem leiðtoga, heldur geðveikan mann. Hann sagðist hafa fengið fjölda bréfa um þetta mál, þar sem fólk segðist ætla að fylgja leiðsögn hans en myndi ekki gera það ef hann teldist geðveikur.

Parna var sú staða komin upp að sakborningurinn, sem var að öllum líkindum ekki heill á geði, lagði hart að okkur að berjast fyrir því að hann yrði talinn heill á geði þegar okkar mat var að réttast væri lögfræðilega að berjast fyrir því að hann væri geðveikur. Við féllumst í fyrstu ekki á þetta sjónarmið hans en hann hélt sig fast við þetta. Við ræddum við lækna og sérfræðinga um málið og allir voru sammála um að hann gerði sér grein fyrir því hvað hann væri að gera og væri fær um að taka svona ákvörðun. Við ákváðum því að lokum að breyta um kúrs og fara að óskum hans, en það var þó ekki til þess

að vinna að markmiðum hans um að ná sér einhvers konar pólitískri hylli, ég tók það skýrt fram við hann að það markmið hans skipti ekki máli í okkar mati. Það var svo á endanum niðurstaða dómsins að hann væri sakhæfur.“

Hvernig telurðu að kerfið í Noregi hafi tekist á við mál Breiviks fram að þessum atburðum – telurðu að eitthvað hefði mátt gera betur?

„Ég held að það sé mikilvægt að reyna að læra af svona máli. Staðreyndin er sú að þegar Breivik var 3 ára, þá kom fram af hálfu læknis að þetta barn þyrfti á verulegri hjálp að halda frá fagfólki, ellegar færi illa og hann yrði veill á geði. Því miður var læknirinn sannspár en enginn hjálpaði barninu, ekki barnavernd eða neinn annar. Við verðum því að læra af svona málum.

Núna í dag geta börn orðið fyrir miklum utanaðkomandi áhrifum. Það er afar mikilvægt að samfélagið sé vakandi

og viðbúið að taka á svona málum. Breytingin úr því að lifa venjulegu lífi yfir í að hallast að öfgum til hægri og eins öfgastefnu úr röðum múslima. Ég er að vinna fyrir tvær stúlkur, sem bjuggu við venjulegar aðstæður í Noregi en á tveggja mánaða tímabili varð sú breyting að þær vildu flytja úr þessu umhverfi og fara til Sírlands, þar sem þær urðu hluti af styrjöldinni þar í landi.“

Hvernig er að snúa aftur til hefðbundinna lögmannsstarfa eftir að hafa unnið við þetta mál?

„Það er að vissu leyti ákveðin breyting, en í grunninn það sama og áður. Ég vinn mest á sviði vinnuréttar, fasteignaréttar, vörumerkjaréttar og svo sakamálaréttar. Líf mitt heldur áfram sinn vanagang og það er ánægjulegt að það er nóg að gera á stofunni,“ sagði Geir Lippestad að lokum.

ÁH



Ályktun stjórnar Lögmannafélags Íslands

PANN 12. DESEMBER 2013 kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóm í máli nr. S-127/2012, svokölluðu Al-Thani máli. Í niðurstöðu dómsins segir m.a.:

„Við aðalmeðferð málsins kom fram að fjögur vitni hefðu átt fund með verjendum ákærðu, Hreiðars Más og Ólafs, fyrir aðalmeðferð málsins og þau kynnt sér gögn málsins á skrifstofu verjendanna. Samkvæmt 3. mgr. 122. gr. laga nr. 88/2008 kynnir dómari ekki fyrir vitni skýrslur þess hjá lögreglu eða önnur sýnileg sönnunargögn fyrir en dómara þykir þess þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu þess. Með því að ræða við vitnin fyrir aðalmeðferð máls og sýna þeim sýnileg sönnunargögn var farið á svig við greind lagafyrirmæli, auk þess sem sú háttsemi var til þess fallin að rýra trúverðuleika vitnanna, sbr. 7. tl. 122. gr. laga nr. 88/2008. Er þetta aðfinnsluvert.“

Þessi niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur kemur stjórn Lögmannafélags Íslands verulega á óvart og telur stjórn félagsins hæpið að túlkun dómara á tilvísuðu lagaákvæði standist. Samskipti verjenda við vitni eru mikilvægur þáttur við undirbúning málsvarnar og ósjaldan eina leið verjenda til að fá upplýsingar um atvik máls. Af fyrri réttarframkvæmd má ráða að ákærvaldið hefur rætt við vitni og kynnt þeim sönnunargögn áður en skýrslugjöf fer fram fyrir dómi undir aðalmeðferð máls. Sé verjendum sakborninga meinað um þennan rétt er stórlega vegið að grundvallarreglunni um réttláta málsmeðferð fyrir dómi og jafnræði málsaðila.

Ljóst er að sú réttaróvissa sem uppi er um stöðu aðila og vitna í kjölfar niðurstöðu í umræddu máli er mjög bagaleg og getur haft veruleg áhrif á þau sakamál sem nú eru til meðferðar fyrir dómstólum. Þessari réttaróvissu verður að eyða án tafar, þar sem núverandi staða er til þess fallin að rýra trúverðuleika réttarkerfisins og þar með réttarríkisins.

Stjórn Lögmannafélags Íslands

Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar
Dóm-, skýrslutöku- og
ráðstefnutúlkun

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Skipholti 50b 105 Reykjavík

sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: ellening@simnet.is



SÍMI: 533 6050

www.hofdi.is

Runólfur Gunnlaugsson
viðsk.fr. lögg. fast.
Ásmundur Skeggjason
lögg. fast.



Lára, Auður og Þyrí.

Minna mál að vera kona í lögmennsku en áður

Á SÍÐASTLIÐNUM TÍU árum hefur konum í Lögmannafélagi Íslands fjölgað úr 22% í 30% félagsmanna, en í fjölda talið er þar um að ræða aukningu um rúman helming, þ.e. úr 147 konum í 309. Um þessar mundir eru tíu ár liðin síðan Félag kvenna í lögmennsku (FKL) var stofnað en markmið félagsins frá upphafi hefur m.a. verið að auka þátttöku kvenna í lögmennsstéttinni, efla samstarf og styrkja stöðu þeirra. Í tilefni þessa fékk Þyrí Steingrímisdóttir hrl. hjá Acta lögmannsstofu þær Láru V. Júlíusdóttur hrl. hjá Lögmönnum

Laugavegi 3, Auði Ýr Helgadóttur hdl. hjá LOCAL lögmönnum, Berglind Svavarsdóttur hrl. hjá Acta lögmannsstofu og Mörtu Margréti Ö. Rúnarsdóttur hdl. hjá LOGOS til að ræða um konur í lögmennsku.

Konur mun færri í eigin rekstri

Þyrí: Nú eru 53% karla í stéttinni sjálfstætt starfandi lögmenn en 29% kvenna. Þetta hefur lítið breyst á tíu árum. Hverja teljið þið vera ástæðu þess að konum hafi ekki fjölgað blutfallslega

sem sjálfstætt starfandi lögmönnum á þessum tíma?

Lára: Það má velta því fyrir sér hvort þetta sé nokkuð öðruvísi en við má búast, m.a. með vísan til þess að konurnar í stéttinni eru yngri en karlarnir. Það að verða lögmaður og reka eigin stofu er ákveðið ferli sem gerist í fæstum tilfellum daginn sem lögmaður fær hdl.-réttindi. Það gildir bæði um karla og konur. Út frá því finnst mér það ekkert skrítið að það séu miklu færri konur sem reka sína eigin stofu heldur en karlar.



Berglind.

Berglind: Mér finnst sláandi að á þessum tíu árum skuli konum ekki hafa fjölgað sem sjálfstætt starfandi lögmönnum heldur hlutfallslega fækkað, úr 33% árið 2004 í 29% árið 2014. Þegar skoðað er súlurit um lögmenn undir 45 ára kemur í ljós að 43% karla eru sjálfstætt starfandi lögmenn en 22% kvenna og mig undrar að við séum ekki komnar lengra en raun ber vitni.

Auður: Ég hef séð svipaðar tölur frá nágrannalöndum okkar. Þar er jafnvel svipað hlutfall karla og kvenna sem fá réttindi og síðan, eftir því sem aldur færir yfir, þá eru karlar kannski 80% af starfandi lögmönnum og konur minna. Ég velti fyrir mér af hverju þetta sé svona.

Lára: Ein möguleg skýring er sú að viðhorf karla og kvenna til starfa sé öðruvísi. Það er til starf og það er til starfsframi. Spurningin er hvernig einstaklingar forgangsraða. Það er alveg



Marta.

klárt að á ákveðnu aldursbili þá kallar fjölskyldan, börnin og ýmislegt annað, miklu meira á konurnar en karlana. Nú getum við deilt um hvað sé til ráða en það er staðreynd að konur geta ekki farið að einbeita sér að fullu í lögmennsku, sem er starf 24/7, fyrr en þessum hlutum er rutt úr vegi.

Marta: Þetta eru áhugaverðar tölur, t.d. að þegar sé mikill munur á starfsvali lögmanna undir 45 ára. Fyrst má auðvitað velja upp almennu áhugasviði einstaklinga, svo að sjálfstæður rekstur getur verið áhættusamur og að í þessum geira skiptir gott tengslanet eflaust miklu. Það að koma upp eigin rekstri krefst mikils vinnuframlags, en á þessum aldri eru einstaklingar að eignast og ala upp börn og róðurinn oft þungur hvað varðar heimilisrekstur. Ég hefði þó haldið að jafnræði aðila á heimili hefði aukist til muna á síðustu áratugum. Svo kann að vera erfitt að samræma töku fæðingarorlofs við lítinn einkarekstur.

Konur í stjórn LMFÍ

Alls hafa 17 konur setið í stjórn Lögmannafélagsins frá upphafi. Fyrsta konan sem var kosin í stjórn LMFÍ var Svala Thorlacius hrl. en hún sat í stjórn árin 1980-1982. Þórunn Guðmundsdóttir hrl. gegndi formennsku árin 1995-1997, en hún er jafnframt eina konan sem hefur gegnt því embætti.

Konur í stjórn LMFÍ frá upphafi

Svala Thorlacius ritari 1980-1982.

Þórunn Guðmundsdóttir ritari 1989-1990, gjaldkeri 1990-1991, formaður 1995-1997.

Ásdís Rafnar gjaldkeri 1992-1993 og varaformaður 1993-1994.

Kristín Briem gjaldkeri 1996-1998.

Sif Konráðsdóttir gjaldkeri 1998-1999 og meðstjórnandi 1999-2000.

Valborg Þ. Snævarr ritari 1999-2001.

Lára V. Júlíusdóttir ritari 2001-2003.

Ragnheiður Bragadóttir meðstjórnandi 2003-2004 og varaformaður 2004-2005.

Helga Melkorka Óttarsdóttir ritari 2004-2005 og varaformaður 2005-2006.

Helga Jónsdóttir ritari 2005-2006 og varaformaður 2006-2007.

Ástríður Gísladóttir ritari 2006-2007 og gjaldkeri 2007-2008.

Hjördís Halldórsdóttir ritari 2007-2008 og varaformaður 2008-2009.

Hildur Friðleifsdóttir meðstjórnandi 2008-2009 og varaformaður 2009-2010.

Katrín Helga Hallgrímsdóttir gjaldkeri 2009-2010 og varaformaður 2010-2011.

Guðrún Björk Bjarnadóttir gjaldkeri 2012-2014.

Guðrún Björg Birgisdóttir meðstjórnandi 2012-2014.

Jóna Björk Helgadóttir varaformaður 2013-2014.



Fyrsta konan í LMFÍ

Fyrsta konan í LMFÍ var Rannveig Þorsteinsdóttir árið 1952 en hún var kjörin heiðursfélagi árið 1979. Hún var jafnframt fyrsta konan til að verða hæstaréttarlögmaður árið 1959.

Líkast til stafar munurinn á samspili heilmargra þátta.

Berglind: Getur verið að hluti skýringarinnar sé að konur leggi meira upp úr öryggi? Karlar víla ekki fyrir sér að byrja í sjálfstæðum rekstri.

Lára: Konur eru ekki tilbúnar að veðsetja húsin sín í sama mæli og karlar né heldur að taka há lán til að hefja atvinnurekstur. Þetta eru allt upplýsingar sem liggja fyrir. Við erum áhættufælnari.

Auður: Maður leggur ekki af stað fyrir en baklandið er öruggt.

Berglind: Við rekumst gjarnan á þennan eðlismun milli kvenna og karla. Það er ekkert utanaðkomandi sem bannar konum að gera sama og karlarnir.

„Eruð þið svona kvennastofa?“

Þyri: Í *Lögmanna-bláðinu* fyrir tíu árum var umfjöllun um konur í lögmennsku. Niðurstaðan var sú að þar sem peningar væru þar væru konur ekki, er það enn svo?

Berglind: Ég veit það ekki. Konur hafa verið talsvert í þeim málum sem komu eftir hrun. Ég hef verið í slitastjórn og hef aldrei í því starfi orðið vör við nokkurn mun. En mér finnst það samt dálítið merkilegt að þegar verið er að úthluta stórum þrotabúum þá fá karlar þau yfirleitt.

Lára: Mér finnst konur vera ennþá dálítið á kantinum á meðan karlarnir spila inná.

Auður: Konur í lögmennsku eru ekki komnar á réttan stað ennþá. Það er skekkja í málaflokkunum og erfitt fyrir konur að sækja á t.d. í fjármála-fyrirtækjunum. Þetta er svona „maður þekkir mann“ dæmi. Þú þekkir einhvern forstjóra og færð því verkefni þar svo það er ekki auðvelt að komast að borðinu.

Þyri: Hafði þið farið til þeirra og sótt ykkur verkefni?

Auður: Já, við höfum sótt okkur verkefni kerfisbundið en þetta er hark og ekkert sem gerist að sjálfu sér. Við höfum stundum fengið skrítnar spurningar eins og t.d.: „Já eruð þið svona kvennastofa?“. Ég efast um að karlar heyri athugasemdina: „Eruð þið svona karlastofa?“ Svo erum við líka konur á vissum aldri, eigum allar þrjú börn og höfum líka fengið spurningar eins og: „Hvað gerir þið ef barnið verður veikt?“ Það er voða fínt að tala um að þetta sé allt að breytast en maður er enn að fá svona sjokkerandi spurningar.

Berglind: Ég kannast ekki við þetta viðhorf í minn garð.

Marta: Tek undir með Berglind, ég kannast ekki við þetta viðhorf í dag. Ég hef raunar aldrei fundið fyrir því, þar sem ég hef unnið, að gerður sé greinarmunur á kynjum, hvorki hvað varðar verkefnaval né hvað varðar almenn viðhorf. Hitt er annað, í hvaða málaflokkum konur í lögmennsku starfa. Ég sé það nú ekki af þeim tölum sem LMFÍ hefur tekið saman og liggja hér fyrir. Mér segir þó svo hugur að það séu líklega færri konur í lögmennsku í eigin rekstri, í málaflokkum tengdum fjármálagæiranum. Hvort að það sé vegna áhugasviðs hvers og eins, eða annarra ástæðna, má velta fyrir sér. Ég held reyndar að þeim konum fari fjölgandi sem hafi áhuga á fyrirtækjalögfræði og starfa við það.

Lára: Ég tek undir þetta, ég kannast ekki við þetta í dag. Ég var hins vegar fyrsti lögfræðingurinn í starfi hjá Alþýðusambandi Íslands þegar ég byrjaði þar 1982. Ég vann þar í tólf ár og þá var stöðugt verið að bauna á mig.

Konur í karlastétt

Þyri: Lára minntist á að konur legðu meiri áherslu á fjölskylduna en karlar á ákveðnu tímabili í lífi sínu. Er það svo og hvar eru þá konurnar þegar börnin eru orðin stór? Af hverju eru þá ekki fleiri konur í lögmennsku sem eru komnar á miðjan aldur?

Auður: Sú þróun að konur hætti í lögmennsku upp úr miðjum aldri á sér einnig stað erlendis.

Marta: Þetta er líkast til margþætt spurning. Ef konur velja eða þurfa að fara úr praxís á einhverjum tímamarki, hver sem ástæðan er, er endurkoma kannski erfið. Í þessu sambandi má nefna þann mun sem er á lengd og töku

orlofs foreldra eftir kyni. Það segir sig sjálft að auðvitað þarf heilmikið átak til að koma sér aftur í gírinn eftir langt orlof. Það gæti verið eitthvað brottfall kvenna úr lögmennsku um eða eftir þennan tímapunkt. Hér mætti kannski gera betur og styðja við.

Lára: Stétt lögmanna er upprunalega karlastétt og fyrirmyndir skipta máli. Þegar fólk er að leita að lögmanni þá kemur oftast upp í huga þess maður í gráu jakkafötum með gult bindi. Það er ekki kona.

Auður: Lögmennstofan okkar sérhæfir sig í þjónustu við fyrirtæki og fjármála-fyrirtæki. Á þeim markaði eru ekki margar konur og við erum svolítið eins og hvítir hrafnar.

Lára: Ég ætlaði aldrei að fara vinna í fjölskyldumálum en hef verið mikið í þeim. Mörg þessara mála eru miklu erfiðari en nokkur önnur mál sem ég fæst við. Þau taka meiri toll af manni. En mér hefur oft fundist að því stærra sem erfiðamálin eru því meiri líkur á því að þar séu karlar lögmenn.

Marta: Ég held að það sé forsenda fyrir því að báðir aðilar á heimili geti sinnt erilsömu starfi, að jafnvægi sé varðandi heimilisstörf. Sérstaklega þegar börn eru á heimilinu, þar sem eðlilega verður þá meira að gera. Þá er líka mikilvægt að reyna að „einfalda lífið“ eins og mögulegt er og að reyna að fá þá hjálp við heimilishald sem hægt er að fá.


Lára: Þetta var mín ræða fyrir 30 árum.

Auður: Ég á eiginmann sem er mjög mikið erlendis og þrjú börn, þannig að afar og ömmur, húshjálpar og allur sá pakki er kallaður til. Þetta væri ekki hægt án þess en það tók mig tíma að átta mig á því.

Lára: Við gætum líka horft á þessar

frb.

Eigendur tíu stærstu lögmennstofa landsins



Einungis 13% eigenda stærstu lögmennstofanna eru konur

Þegar skoðað er hlutfall kvenna í hópi eigenda tíu stærstu lögmennstofa landsins er eftirtekjan rýr. Einungis 13% eigenda eru konur, eða 13 á móti 77 körlum. Á fimm af tíu stærstu lögmennstofum landsins eru engar konur í hópi eigenda. Þess má geta að erfitt er að bera saman eigendahóp lögmennstofa þar sem þær eru með ólíkt rekstrarform. Í þessum samanburði eru þær lögmennstofur teknar með sem eru með flesta lögmenn undir sama nafni en a.m.k. ein stofanna, Lagastoð, er samstarf einyrkja undir „regnhlíf“.

Allt fyrir golfið



Bæjarlind 14 - 201 Kópavogur - sími 577 4040
holeinone@holeinone.is - www.holeinone.is



tölur og sagt: Stelpurnar hafa staðið sig alveg ótrúlega vel miðað við allt þetta.

Framgangur kvenna á stórum stofum


Þyri: Nú eru einungis 13% kvenna eigendur tíu stærstu lögmansstofanna. Hver er skýringin á því að svo fáar konur eru í þeim hópi? Er það glerþakið eða finnst konum ekki eftirsóknarvert að verða eigendur hjá stóru stofunum? Vilja þær frekar vera í minni rekstri eða ekki í rekstri yfirhöfuð?

Marta: Þessar tíu eru kannski ekki alveg allar sambærilegar vegna mismunandi rekstrarforms þeirra. Víða erlendis virðist staðan vera þessi, í Svíþjóð eru konur til dæmis um 13% eigenda af tíu stærstu lögmansstofunum. Í Bandaríkjunum eru konur 17% eigenda, það er „equity partners“, á 200 stærstu stofunum samkvæmt nýrri samantekt samtaka kvenna í lögmennsku þar. Hér eru eflaust margir þættir sem spila inn í, til dæmis áhugi og möguleikar á að sinna erilsömu starfi. Ég hef fulla trú á að þetta muni þróast á komandi árum, eins og annað.

Berglind: Mér finnst þetta ótrúlegar tölur og í því samhengi er jafnframt ótrúlegt miðað við fjölda kvenna sem útskrifast úr lögfræði hve fáar í raun skila sér í lögmennskuna og svo til viðbótar fáar sem halda lögmennskuna út.

Auður: Það er áhugavert að sjá að fleiri konur ljúka laganámi en áður en við erum ekki að sjá þennan mun skila sér áfram inn í lögmennskuna. Af hverju eru konur ekki að fara í lögmennsku?

Lára: Það byrjuðu 14 konur með mér í laganámi á sínum tíma og af þeim luku sex prófi. Ég er sú eina úr þeim hópi sem er í lögmennsku. Hinar eru í einhverju allt öðru.



Mikil breyting á stéttinni

Þyri: Hefur eitthvað áunnist á tíu árum – eru einhverjar breytingar til batnaðar?

Lára: Mér finnst við vera á réttu róli og er ofboðslega ánægð með hvað konum hefur fjölgað og hvað það er miklu minna mál að vera kona í lögmennastéttinni en áður. Ég sé ekki fyrir mér að lögmennastéttin verði alltaf karllæg.

Marta: Lögmennastéttin í heild hefur sjálfsagt breyst mikið á síðustu tíu árum, bæði aldursamsetning og fjöldi lögmanna. Ef rýnt er í tölfræðina virðist aðeins vera að hægja á hlutfallslegri fjölgun kvenna í stéttinni. Konum hefur fjölgað mikið í laganámi en ennþá eru færri konur sem sækja í lögmennskuna. Sé miðað við heildarfjölda lögmanna, virðast þá hlutfallslega fleiri konur leggja inn réttindi. Þetta er auðvitað áhugavert.

Þyri: Nú eru um 300 konur í lögmennsku. Erum við að gera okkur nógu gildandi?

Lára: Ég tek undir þessa spurningu.

Það skiptir máli að við gerum okkur sýnilegri.

FKL skiptir máli

Þyri: Svo að lokum, hefur starfsemi FKL á síðustu tíu árum skipt einhverju máli fyrir konur í lögmennsku, að ykkar mati?

Lára: Já, tvímælalaust.

Berglind: Já, ég tel að Félag kvenna í lögmennsku hafi skipt miklu máli.

Marta: FKL skiptir máli upp á tengslanet, sýnileika og til dæmis aðgengi að kvenfyrirmyndum. Það er auðvelt að mæta á FKL viðburði og hentar vonandi þeim sem hafa mikið að gera og vilja hittast, spjalla og kynna öðrum konum með lítilli fyrirhöfn. Kannski má líkja þessu að einhverju leyti við lögmennabolta, bara vettvangur til að hittast. Við höfum fundið fyrir vaxandi áhuga á FKL í ár og viðburðir hafa verið vel sóttir.

Meistaraverk

Mercedes-Benz M-Class er mikil meistarasmíð. Afburða hönnun, fjölmargar tækninýjungar, kraftur og framúrskarandi aksturseiginleikar hafa tryggt honum frábærar viðtökur. Hann er búinn hinu háþróaða 4MATIC aldrifskerfi sem bregst strax við breyttum akstursaðstæðum, t.d. mikilli úrkomu, ísingu eða snjó. Dráttargetan er heil 3.500 kg og hann eyðir aðeins 5,8 l/100 km í blönduðum akstri.

Hjá Öskju á Krókhálsi 11 bíður þín glæsilegur M-Class til sýnis og reynsluaksturs.



Mercedes-Benz

JÓNAS ÞÓR GUÐMUNDSSON HRL.



Af vettvangi félagsins

Konur í lögmennsku

Í dag eru konur þrjár af fimm stjórnarmönnum í Lögmannafélagi Íslands. Aldrei áður í sögu félagsins hafa svo margar konur setið í stjórn þess. Konur eru nú tæplega 1/3 hluti félagsmanna, en voru rúmlega 1/10 hluti fyrir 30 árum. Með nokkurri einföldun má segja að síðastliðna tvo og hálfan áratug eða svo hafi ýmist verið ein eða tvær konur í stjórninni. Frá því eru þó undantekningar í örfá skipti, þegar engin kona sat í stjórn. Áður fyrr, þegar karlar voru yfirgnæfandi hluti félagsmanna, voru stjórnir félagsins hreinar karlastjórnir. Nú eru breyttir tímar.

Konum hefur fjölgað hægt en örugglega í stétt lögmanna undanfarna þrjá áratugi. Ekkert bendir til annars en að sú þróun haldi áfram næstu árin og áratugina og herði heldur á sér ef eitthvað er, að minnsta kosti ef mið er tekið af fjölda kvenna og karla í laganámi um þessar mundir. Æskilegt er að kynjahlutföll í stjórn Lögmannafélagsins fylgi þróuninni og endurspegli að jafnaði skiptingu félagsmanna í konur og karla.

Verjenda- og réttargæslustörf

Stjórn Lögmannafélagsins hefur krafist þess að innanríkisráðherra felli úr gildi reglugerð nr. 715/2009. Í henni segir að við ákvörðun þóknunar fyrir störf verjenda og réttargæslumanna skuli miða við að fyrir hverja byrjaða klukkustund séu greiddar kr. 10.000. Þessi fjárhæð hefur verið óbreytt í

tæpan hálfan áratug, eða allt frá því að með lögum nr. 70/2009 var bætt við lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála heimild fyrir ráðherra til þess að mæla fyrir um tímagjaldið. Svo sem kunnugt er var fyrir setningu reglugerðarinnar mælt fyrir um fjárhæð þóknunarinnar í viðmiðunarreglum dómstólaráðs fyrir héraðsdómstóla, en þær voru fyrst settar árið 2000. Fyrir þann tíma var ákvörðun þóknunar fyrir hverja klukkustund í höndum dómara í hverju einstöku sakamáli.

Áður hefur verið fjallað um þóknun fyrir störf verjenda og réttargæslumanna á þessum vettvangi (sjá 3. tbl. 2013). Þar var þess getið að innanríkisráðherra (þar áður dómsmálaráðherra) hefur ekki orðið við málaleitan félagsins um hækkun tímagjaldsins og að á þeirri afstöðu hafa ekki verið gefnar haldbærar skýringar. Nú er bedið viðbragða ráðherra við áður nefndri kröfu félagsins um niðurfellingu reglugerðarinnar.

Sjálfstæði dómstóla

Fjárveitingar til dómstóla hafa verið til umræðu undanfarið. Upplýst hefur verið að þær eru ófullnægjandi. Í grein um fjárveitingar og málefni dómstóla sem Skúli Magnússon, formaður Dómarafélags Íslands, ritaði í Morgunblaðið 31. janúar síðastliðinn ásamt þeim sem þetta skrifar segir meðal annars:

„Dómstólaráði var komið á fót með nýjum lögum um dómstóla árið 1998, en hlutverk þess er meðal annars að gera tillögu til innanríkisráðherra um

fjárveitingu til héraðsdómstóla. Lögin miðuðu að því að færa ákvörðunarvald um ýmis mikilvæg atriði er lúta að starfsemi dómstólanna, þar á meðal varðandi fjárreiður þeirra, frá ráðherra til þessa sjálfstæða stjórnvalds. Ráðið átti þannig að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna gagnvart öðrum valdþáttum ríkisins og auka tiltrú almennings á starfsemi þeirra. Sú spurning hlýtur að vakna hvort þetta markmið hafi náðst í reynd. Í því sambandi er nauðsynlegt að skoða hvort styrkja þarf stöðu dómstólaráðs við tillögugerð um fjárveitingar til dómstóla og koma meiri festu og öryggi á þær í fjárlögum, í stað þess að dómstólarnir eigi hagsmuni sína á jafn beinan hátt og raun ber vitni undir skilningi ráðherra frá ári til árs.

Einnig er tilefni til þess að meta hvort nægilega vel sé búið að mál-efnum dómstóla og réttarfars í yfirstjórn ríkisins og þá einkum í nýju innanríkisráðuneyti sem tók til starfa í ársbyrjun 2011. Því miður bendir margt til þess að sú breyting á Stjórnarráðinu sem þá var gerð hafi leitt til þess að málaflokkurinn fái nú minna vægi og athygli en áður. Er þá vitaskuld ekki verið að sakast við starfsmenn þeirrar skrifstofu ráðuneytisins sem fer með málaflokkinn. Takist ekki að bæta stöðu dómstólanna hlýtur að koma til skoðunar hvort ástæða sé til þess að endurskoða yfirstjórn dómsmála, þar á meðal hvort endurvekja eigi sjálfstætt dómsmálaráðuneyti.“

Það segir sína sögu í þessu efni að innanríkisráðherra hefur fallist á að ræða,

án nokkurs samráðs við héraðsdóm Reykjavíkur og dómstólaráð, hugmyndir borgaryfirvalda um að flytja dómstólinn af Lækjartorgi og mögulega á lögreglu- stöðvarreitinn við Hlemm.

Ályktanir stjórnar LMFÍ

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur séð tilefni til ályktana undanfarið. Mikilvægt er að hafa í huga hvert

tilefni þeirra er. Ályktanirnar fela vitaskuld ekki í sér afstöðu til sektar eða sakleysis sakborninga í sakamá- unum sem þær tengjast. Þær varða fyrst og fremst jafnræði málsaðila og réttláta málsmeðferð þar sem vegið hefur verið að réttarstöðu lögmanna og sakborninga, einkum vernd trúnað- arsambands lögmanna og skjólstæðinga og möguleikum verjenda til þess að byggja upp varnir.

Dómsúrlausnirnar sem um er að ræða hafa gengið eftir hrúnið. Það viðhorf sem þær fela í sér er óásættanlegt og ber vitni óheillaþróun sem tæplega verða fundin merki um áður í íslenski réttarframkvæmd. Við hana verður auðvitað ekki unað, hvort heldur sem um er að ræða dóma héraðsdóms eða Hæstaréttar.





GJÖRIÐ SVO VEL!

Hafðu það hollt í hádeginu

- **HEITT OG KALT** býður starfsfólki fyrirtækja hollan og næringaríkan mat í hádegi.
- Matseðill fyrir hverja viku er birtur á: www.heittogkalt.is
- **Sturla Birgisson** er margverðlaunaður matreiðslumeistari og er í dómnefnd fyrir Bocuse d'Or sem er ein virtasta matreiðslukeppni heims.

HAFÐU SAMBAND
OG FÁÐU TILBOÐ!



HEITT & KALT | S: 533 3060 | heittogkalt@heittogkalt.is



Samskipti verjenda við vitni

Í DÓMI HÉRAÐSDÓMS Reykjavíkur frá 12. desember sl., í sakamálinu nr. S-127/2012, var fundið að störfum tveggja verjenda með eftirfarandi orðum:

„Við aðalmeðferð málsins kom fram að fjögur vitni hefðu átt fund með verjendum ákærðu, Hreiðars Más og Ólafs, fyrir aðalmeðferð málsins og þau kynnt sér gögn málsins á skrifstofu verjendanna. Samkvæmt 3. mgr. 122. gr. laga nr. 88/2008 kynnir dómari ekki fyrir vitni skýrslur þess hjá lögreglu eða önnur sýnileg sönnunargögn fyrr en dómara þykir þess þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu þess. Með því að ræða við vitnin fyrir aðalmeðferð máls og sýna þeim sýnileg sönnunargögn var farið á svig við greind lagafyrirmæli, auk þess sem sú háttsemi var til þess fallin að rýra trúverðugleika vitnanna, sbr. 7. tl. 122. gr. laga nr. 88/2008. Er það aðfinnsluvert.“

Ályktun stjórnar Lögmannafélagsins

Afstaða dómsins varð tilefni ályktunar stjórnar Lögmannafélagsins þar sem látnar voru uppi verulegar efasemdir um að þessi lagatúlkun dómsins stæðist. Þá var vísað til þess að með þessari afstöðu væri stórlega vegið að grundvallarreglunni um réttláta málsmeðferð fyrir dómi og jafnræði málsaðila. Ástæða er til að fara nokkrum orðum um þetta efni enda ljóst að ef þessi framsetning dómsins er rétt þá mun hún takmarka verulega möguleika verjenda og ákærðra til að halda uppi fullnægjandi vörnum í sakamálum.

Skiptar skoðanir meðal dómara

Skiptar skoðanir eru sýnilega meðal dómara um þá afstöðu sem lýst er í tilvitnuðum dómi. Samskipti ákærenda eða verjenda við vitni við undirbúning máls virðast þannig ekki hafa orðið tilefni til sambærilegra athugasemda áður. Í ljósi þeirrar óvissu sem skapaðist við þessar athugasemdir héraðsdóms hafa verjendur í öðrum sakamálum kallað eftir afstöðu dómara til fyrirætlana þeirra um að eiga samskipti við vitni, og eftir atvikum sýna þeim gögn, í þeim tilgangi að afla upplýsinga um atvik málsins og undirbúa málsvörnina. Einn af reyndari dómurum við sama héraðsdómstól lýsti af því tilefni þeirri afstöðu sinni með bókun í þingbók „að alþekkt sé í sakamáli að sækjendur og verjendur hafi samband við vitni, jafnvel eftir að aðalmeðferð hefjist, allt í því skyni að kanna hvort viðkomandi geti orðið til aðstoðar við að upplýsa mál.“ Vísaði dómari þessu næst til bókunar sem verjandinn hafði lagt fram af þessu tilefni og taldi að sú tilhögun sem þar kæmi fram væri „í samræmi við þessa framkvæmd og lýsir dómari sig samþykkan þeim framgangsmáta sem erí samræmi við það sem tíðkast hefur.“

Ákvæði sakamálalaga

Í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 er engin ákvæði að finna sem innihalda bann við samskiptum verjenda við vitni. Á verjendum hvíla hins vegar margvíslegar skyldur en í IV. kafla laganna er gerð grein fyrir þeim helstu. Í 35. gr. laganna er meginhlutverki verjenda lýst þannig að

honum beri að „*draga fram í málinu allt sem verða má skjólstæðingi hans til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna.*“ Í rökstuðningi héraðsdóms er í engu vikið að þessum starfsskyldum verjenda. Hins vegar er vísað til 3. mgr. 122. gr. sakamálalaga sem er að finna í XVIII. kafla laganna. Í þeim kafla eru ákvæði um vitni, vitnaskyldu og hvernig skýrslutaka fer fram fyrir dómi. Tilvitnað lagaákvæði lýtur einungis að framkvæmd skýrslutöku fyrir dómi en hefur ekki að geyma nein fyrirmæli um samskipti verjenda og vitna. Í samræmi við meginregluna um milliliðalaus sönnunarfærslu fyrir dómi er kveðið á um það í ákvæðinu að vitni gefi sjálfstæða skýrslu fyrir dómi og að dómari beri ekki undir vitnið skýrslu sem það kann að hafa gefið hjá lögreglu, eða önnur sýnileg sönnunargögn, nema þess gerist þörf til skýringar eða leiðréttingar. Það er því vandséð hvernig sú ályktun verður dregin af lagareglunni að verjendum sé óheimilt að eiga í nokkrum samskiptum við vitni.

Skyldur verjenda

Fram til þessa hefur það talist til góðra lögmannshátta og mikilvægur þáttur í undirbúningi fyrir aðalmeðferð að undirbúa skýrslutökur eins vel og verða má. Samskipti við vitni eru oft en ekki nauðsynleg við slíkan undirbúning til að framkvæmdin sjálf verði skipulögð og hnitmiðuð og upplýst verði um þau málsatvik sem máli kunna að skipta við úrlausn málsins. Lögmenn þekkja það að þessi þáttur aðalmeðferðarinnar er oft vandmeðfarinn og getur í mörgum tilvikum skipt sköpum. Á það ekki síður við í sakamáli en einkamáli.

Ákæra í sakamáli er gefin út að undangenginni rannsókn lögreglu. Við rannsóknina aflar lögregla gagna og tekur skýrslu af sakborningum og vitnum. Úrræði sakbornings eða verjanda til afskipta af rannsókn lögreglu eru afar takmörkuð. Aðstöðumunurinn er hér augljós og hallar þar verulega á sakborning fram að meðferð málsins fyrir dómi. Þótt á lögreglu hvíli skylda til hlutlægni við úrvinnslu haldlagðra gagna og við mótun spurninga til sakborninga og vitna þá er ljóst að verjandi getur ekki lagt til grundvallar að hagsmuna skjólstæðings hans hafi í einu og öllu verið gætt við rannsókn lögreglu. Á verjanda hvílir sú skylda að fara gagnrýnið yfir gögn málsins með hagsmuni skjólstæðingsins í huga. Við slíka yfirferð vakna oftast en ekki fjölmargar spurningar sem svör fást ekki við með lestri sýnilegra sönnunargagna eða skýrslna af vitnum og sakborningum. Þá getur slík skoðun einnig leitt í ljós rangfærslur um atvik eða að upplýsingar skorti um tiltekna þætti málsins þannig að bæta þurfi úr,

eftir atvikum með framlagningu gagna eða framburði vitna.

Aðgangur að gögnum

Við meðferð þeirra mála sem sprottið hafa af rannsókn sérstaks saksóknara á málefnum bankanna hafa ýmis álitæfni risið sem lúta að réttindum þeirra sem bornir eru sökum í þeim málum. Ítarleg umfjöllun um það efni verður að bíða síðari tíma en meðal þess sem dómstólar hafa þurft að taka afstöðu til er réttur sakborninga og ákærðra til aðgangs að gögnum. Sá réttur hefur sætt ýmsum takmörkunum í nýlegum dómum og úrskurðum. Í því máli sem hér hefur verið gert að umtalsefni, sakamáli S-127/2012, hefur ákærðu verið neitað um aðgang að öðrum gögnum en eigin tölvupóstum og þeim gögnum sem ákærvaldið ákvað að gera að gögnum dómsmálsins. Þá gátu ákærðu ekki fengið yfirlit yfir þau gögn sem auðkennd höfðu verið við rannsókn á haldlögðum gögnum en ekki höfðu verið lögð fram í dómsmálinu.

Hvernig verður upplýsinga aflað?

Við aðstæður sem þessar, sem reyndar samrýmast illa grundvallarreglum um réttláta málsmeðferð, er enn brýnna en ella að verjandi afli sjálfstætt upplýsinga um atvik málsins. Það verður vart gert nema með því að leita upplýsinga frá þeim einstaklingum sem best til þekkja. Eðli málsins samkvæmt er líklegt að flestir þeirra séu annaðhvort sakborningar eða vitni vegna vitneskju eða aðkomu sinnar að málinu. Eru verjanda þá samkvæmt dómi héraðsdóms allar bjargir bannaðar? Vitni í áður nefndu dómsmáli voru um 50 talsins. Hvernig á verjandi að afla upplýsinga um það hvert vitnanna getur mögulega varpað ljósi á atvik sem lögregla hefur af einhverjum ástæðum ekki leitast við að upplýsa? Á hann samkvæmt þessu að leggja sömu spurningar fyrir fjölda vitna við aðalmeðferðina, upp á von og óvon, með tilheyrandi töfum á aðalmeðferðinni? Hvernig á verjandi að afla upplýsinga um það hvort til

Litla & prent

Stór verk - lítið mál



Skemmuvegi 4 // Sími 540 1800 // www.prent.is



Við elskum
veislur
hvert sem tilefnið er

VEISLUPJÓNUSTA
FUNDA- OG
HÁDEGISVERÐAÐPJÓNUSTA
VEISLUPJÓNUSTA Í HEIMAHÚSUM
GLÆSILEGUR VEISLUSALUR
BRAUÐVEISLUR OG NESTI
BRÚÐKAUP
FERMINGAR
AFMÆLI
JÓLAHLAÐBORÐ
PÖRRAMATUR
ARSHÁTÍÐIR
SUSHI
BRUNCH
GRILLVEISLUR
TAPAS



KOKKARNIR
VEISLUPJÓNUSTA

Sími: 511 4466 | kokkarnir@kokkarnir.is | www.kokkarnir.is

LÖGMANNABÍÐ TBL 01/14

séu gögn sem kunna að vera ákærða hagfelld en ákærvaldið hefur ekki lagt fram í málinu? Ef verjandi telur að einstaklingur sem ekki er á vitnalista ákærvaldsins kunni að búa yfir mikilvægum upplýsingum, er honum þá óheimilt að hafa samband við viðkomandi til að kanna hvort hann hafi eitthvað fram að færa eða ekki? Ef sami einstaklingur yrði síðan kallaður fyrir dóm sem vitni þá hefur verjandinn samkvæmt túlkun héraðsdóms átt í ólögsmætum samskiptum við vitnið fyrir aðalmeðferð og gert framburð viðkomandi ótrúverðugan.

Hagsmunir ákærðu

Það er vont fyrir lögmann að liggja undir ámæli dómstóls um að hafa brotið gegn reglum, ekki síst þegar sá hinn sami telur fullkomlega ljóst að hann hafi í einu og öllu farið að reglum og starfað af heiðarleika. Það eru þó smámunir einir við hlið þeirra hagsmuna sem öllu meira máli skipta - hagsmuna hinna ákærðu. Af framsetningu héraðsdóms leiðir að jafnræði aðila er raskað verulega. Í sakamáli eiga ákærðu, með aðstoð verjenda, að geta komið öllum gögnum og upplýsingum á framfæri sem

máli geta skipt við úrlausn þess. Þau grundvallarréttindi hafa í reynd verið virt að vettugi ef hvers kyns samskipti eru bönnuð við þá einstaklinga sem þekkja til atvikanna. Það er því án efa ekki að ástæðulausu að löggjafinn hefur ekki lagt bann við samskiptum verjenda við vitni eða möguleg vitni í sakamáli, enda er ekki vitað til að slíkt sé gert í öðrum ríkjum sem við oftast berum okkur saman við.

Trúverðugleiki vitna

Ekki er hægt að ljúka þessari umfjöllun án þess að vekja athygli á þeim afleiðingum sem héraðsdómur taldi samskipti verjenda við vitni hafa. Í 7. t. l. 122. gr. sakamálalaga er kveðið á um mat dómara á trúverðugleika vitna og þætti sem horfa ber til við slíkt mat. Héraðsdómur vísaði til þessa ákvæðis laganna og taldi háttsemi verjenda til þess fallna að rýra trúverðugleika vitnanna. Þá lét dómurinn þess getið við reifun á framburði umræddra vitna fyrir dómi að þau hefðu hitt verjendur fyrir aðalmeðferð málsins.

Þessi umfjöllun dómsins verður vart skilin á annan veg en þann að verjendur hafi með háttsemi sinni gert

það að verkum að framburði umræddra vitna var lítið vægi gefið, ef nokkurt, við úrlausn málsins. Dómurinn taldi hins vegar tvö önnur vitni, sem flokka verður sem lykilvitni ákærvaldsins, trúverðug. Framburður þeirra fór hins vegar um ýmsa þætti málsins gegn framburðum ákærðu og vitna og reyndar gögnum málsins einnig. Eftir stendur að niðurstaða dómsins var að hluta til reist á sönnunarmati þar sem ekki verður annað séð en að verjendur ákærðu hafi með háttsemi sinni stuðlað að niðurstöðu sem leiddi til sakfellingar ákærðu.

Alvarleg staða

Það er varla hægt að hafa of stór orð um það hversu alvarleg þessi staða er. Það er mat þess sem þetta skrifar að afstaða héraðsdóms eigi sér ekki stoð í ákvæðum sakamálalaga, auk þess sem sú regla sem dómurinn taldi leiða af þeim lögum er í brýnni andstöðu við stjórnarskrárvarinn rétt ákærðu til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Dómurinn skapar hins vegar tímabundna óvissu um störf verjenda og réttindi ákærðu í þeim sakamálum sem nú eru til meðferðar í héraði.



Löggiltar skjalabýðingar

Þýðingastofan í Reykjavík

Sími 562 6204 • transrek@transrek.net



VERGO^{LAW}

Allt á einum stað

- Málaskrá
- Skjalastjórnun
- Tímaskráning
- Verkefni
- Viðburðir
- Dómaleit



vergo.is | vergo@vergo.is

Af Merði lögmanni

Mörður lögmaður hefur tekið tæknina í sína þjónustu. Hefur lagt gömlu rafmagnsritvélinni, sem hefur þjónað honum frá upphafi ferilsins, og tekið fartölvu, i-síma og i-pata til notkunar. Ekki veitir af því Mörður hefur verið önnur kafinn frá vetrarsólstöðum eftir að hafa loksins fengið boð frá Flokknum um langþráða skipun í trúnaðarstörf. Situr Mörður nú í ráðherraskipuðum stýrihópi um framtíðartillögur að nýsköpun í landbúnaðarþróunarmálum. Hefur stýrihópurinn þegar stofnað sjö undirnefndir til að styðja við vinnuna og situr Mörður í þeim öllum.

Mörður hefur á síðustu vikum ferðast víða um heim til að víða að sér frekari þekkingu og alfarið látið vera að bítask við yngri lögmenn um þá þverrandi auðlind sem skipti þotabúa eru þessa dagana. Ekki nóg með það heldur stofnaði Mörður, ásamt aldraðri móðursystur sinni, sérstaka deild innan Átthagafélags Strandamanna, sem nefnist „Áhugafólk um hrútaþukl“. Varla hafði tilvist hinnar nýju deildar verið kynnt þegar sú ánægjulega tilkynning barst Merði með sms-skeyti úr forsætisráðuneytinu að verkefnið hefði fengið myndarlegan fjárstyrk. Tók Mörður strax þá ákvörðun að verja styrknum til frekari kynningar erlendis á þessari fornu og merku list íslenskra bända sem og að halda hrútaþuklsþing í heimahéraði.

En Mörður sér nú óveðursský hrannast upp við sjóndeildarhringinn. Virðist sem nú ætli að sannast það sem Mörður hefur löngum haldið fram að frjálsir fjölmiðlar séu af hinu illa. Fjölmiðlamenn, og aðrir sjálfskipaðir sérfræðingar, virðast ekkert betra hafa við tímann að gera en flækjast fyrir vel meinandi og dugmiklum mönnum, snúandi út úr öllum þeirra góðu verkum. Það eru orð að sönnu sem merkur maður - reyndar náfrændi Marðar - hefur oftsinnis haldið fram: „Það þarf bara eina ríkissjónvarpsstöð og eitt ríkisdagblað, rekið af fólki með réttar skoðanir“. Hér er að mati Marðar heldur betur tilefni fyrir stjórn Lögmannafélagsins að birta ályktun um aðgæslu og heppilegar úrbætur á þessu sviði.

Ástæða þessa viðsnúnings á velgengni Marðar er sú að síðustu helgina í febrúar átti hann leið um miðbæinn, þar sem hann rakst á fjölmarga féлага sína úr lagadeilinni á Austurvelli. Urðu miklir fagnaðarfundir og svo fór að tekin var upp gömul íprótt námsáranna að kveðast á, á milli þess sem menn börðu sér til hita þarna í febrúar nepjunni.

Dvaldist Merði í félagsskapnum um stund þar sem hann ýmist henti fram fyrriparti eða botnaði með seinniparti milli þess sem hann dreifði boðsmiðum á hrútaþuklsþingið. Fréttasápur sem var staddur var þarna í fjölmenninu, tók kveðskapinn upp og birti með frétt um mótmæli gegn þingsályktunartillögu um slit á Evrópusambandsviðræðum sem áttu sér víst stað á sama tíma.

Hreðja-fínir hrútar tveir,
hreininir upp til fjalla.
Þingmenn vilja þukla meir,
þröng um alla palla.

Mörður horfði á myndskreiðið í kvöldfréttunum þar sem kveðskapurinn um hrútaþuklsþingið hljómaði eins og argasta niðvísa um sitjandi ríkisstjórn. Nýi i-síminn hafði jarmað stöðugt frá því myndskreiðið birtist og hafði þegar fengið smáskilaboð frá utanríkisráðuneytinu. Mörður slökkti á eplásjónvarpinu og lagði ekki í að opna tölvuna til að lesa hvað bloggheimar segðu um kveðskapinn. Honum var þungt í sinni og hugsaði að sjálfsagt yrði hann að ná sér í eitt eða tvö bú til að skipta á næstunni, að minnsta kosti þar til fjölmiðlafárið gengi yfir.



Fagleg ábyrgð hönnuða og byggingastjóra - 1. apríl 2014

Farið verður yfir ábyrgð hönnuða, byggingarstjóra og iðnaðarmanna vegna mistaka við hönnun og byggingu húsa. Einnig verður farið yfir helstu lagareglur og grundvallardóma sem tengjast viðfangsefninu.

Kennari Ívar Pálsson hrl. hjá Landslögum.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími Alls 3 klst. Þriðjudagur 1. apríl 2014, kl. 16:00-19:00.
Verð kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-

Rafræn skráning verðbréfa -6. maí 2014

Fjallað verður um helstu álitæfni varðandi rafræna skráningu verðbréfa. Farið verður yfir hvernig á að bera sig að við rafræna skráningu þeirra, tilkynna breytingar um eignarhald og samspil verðbréfa við hlutaskrár sem félag heldur sjálf, s.s. þegar hömlur eru á framsali. Einnig hvernig bera eigi sig að við afskráningu verðbréfa og samspil verðbréfaskráningar við skráningu verðbréfa í Kauphöll.

Kennari Einar Baldvin Stefánsson, forstöðumaður lögfræðisviðs Verðbréfaskráningar Íslands hf.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími Alls 2 klst. Þriðjudagur 6. maí 2014, kl. 16:00-18:00.
Verð kr. 13.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 10.000,-

Skiptastjórn þrotabúa - 29. apríl 2014

Fjallað verður starf og meginskyldur skiptastjóra frá skipun til skiptaloka. Lögð verður áhersla á þau praktísku álitæfni sem koma upp við skipti þrotabúa, hve lengi skiptastjóra er heimilt að halda eign hjá sér og samskipti við stóra kröfuhafa. Þá verður riftunarmálum gerð skil, úthlutun og lok skipta, og meðferð og ráðstöfun eigna.

Kennarar Kristinn Bjarnason, hrl. og Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl. hjá JP lögmonnum.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Þriðjudagur 29. apríl 2014 kl. 16:00-20:00.
Verð Kr. 27.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 20.000,-
15% afsláttur fyrir þá sem sóttu einnig námskeiðið Raunhæf atriði tengd gjaldþrotaskiptum, lausn ágreiningsmála, skattskil og fleira þann 11. febrúar.

Drafting and Negotiating International Contracts - 15. og 16. maí 2014

A comprehensive overview of the legal considerations in dealing with the drafting and negotiating process of International Contracts.

The course provides a comprehensive overview of the legal considerations you have to make when dealing with the drafting and negotiation process of International Contracts. Attending this course will enable you to take a more active role in the International Contract negotiation and drafting process. You will become familiar with the legal differences between various jurisdictions and will become more aware of the considerable impact these differences may have on any given International Contract. In addition, you will get a better understanding of the contract structure and the clauses used in international Contracts. Finally, you will find yourself more familiar with the English terminology used in International Contracts.

Content and form of the course

The course covers the following areas: Introduction to International Contract Law, selection of some fundamental basic legal concepts, applicable law, relevant international organizations etc. The pre-contractual phase - including letters of Intent and non-disclosure agreements, formation, recitals and the battle of forms, International dispute resolution, Analysis of the contract structure and the most important contract clauses:

- Interpretation clauses
- Limitation of liability and liquidated damages
- Conformity of goods and services / best efforts
- Penalty clauses
- Confidentiality clauses
- Assignment clauses
- Force Majeur & hardship clauses
- Termination clauses
- Choice of law and jurisdiction

The course is set-up in a very practical way; participants are preparing and discussing assignments together.

Lessons: 14

You should participate if you are a lawyer exposed to and/or directly working with International Contracts.

Kennari Jochem van Rijn is a Dutch lawyer with more than 13 years of international legal experience. He spent 8 years in Denmark and has both taught at several Danish Universities and has organized in-house courses for Danish Law Firms. He is also teaching this course for the Danish Bar Association, the Norwegian Bar Association and the Danish Association for Economist and Lawyers.

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími Alls 12 klst. Fimmtudagur 15. maí og föstudagur 16. maí 2014, kl. 09:00-16:00.

Verð kr. 90.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 79.500,-

Athugið Lágmarksfjöldi þátttakenda er tíu manns og hámarksfjöldi tuttugu. Skráning og greiðsla þarf að hafa borist einum mánuði fyrir námskeiði. Skráningu lýkur 16. apríl 2014

Nýjar bækur á bókasafni LMFÍ

Páll Hreinsson: **Stjórnsýsluréttur: Málsmeðferð.** Útg. Codex 2013.

Páll Sigurðsson: **Lagastaður: Um lagamenn fyrri alda og um lög frá ýmsum tímum.** útg. Codex 2013.

Kári á Rógvi: **West-Nordic constitutional judicial review: a comparative study of Scandinavian judicial review and judicial reasoning.** Útg. Háskóli Íslands 2009.

Ásmundur G. Vilhjálmsson: **EES-samningurinn og íslenskur skattaréttur.** Útg. SkattVís 2014.

Kim Talus: **EU Energy Law and Policy. A Critical Account.** Útg. Oxford University Press 2013.

Raymond Wacks: **Privacy and Media Freedom.** Útg. Oxford University Press 2013.

Award of Contracts in EU Procurements.

Ritstjórar: Steen Treumer & Mario Comba. Útg. DJØf 1. útgáfa 2013.

The Oxford Handbook of Corporate Governance.

Ritstjórar: Mike Wright, Donald S. Siegel, Kevin Keasey og Igor Filatotchev. Útg. Oxford University Press 2013.

Executive Remuneration and Employee Performance-Related Pay. A Transatlantic Perspective. Ritstjórar: Tito Boeri, Claudio Lucifora og Kevin J. Murphy. Útg. Oxford University Press 2013.

International Copyright. Principles, Law, and Practice. Ritstjórar: Paul Goldstein og P. Bernt Hugenholtz. Útg. Oxford University Press 3.útg. 2013.

International Law in Financial Regulation and Monetary Affairs. Ritstjórar: Thomas Cottier, John H. Jackson og Rosa M. Lastra. Útg. Oxford University Press 2012.

Poul Dahl Jensen, Asbjørn Jensen, Gorm Toftegaard Nielsen & Vagn Greve: **Kommenteret Straffelov. Speciel del.** Útg. Jurist- og Økonomforbundets Forlag. 10. útg. 2012.

Paul Krüger Andersen: **Aktie- og Anpartsselskabsret. Kapitalselskaber.** Útg. Jurist- og Økonomforbundets Forlag. 12. útg. 2013.

Bernhard Gomard & Peer Schaumburg-Müller: **Kapitalselskaber. Aktie- og anpartsselskaber.** Útg. Jurist- og Økonomforbundets Forlag. 7. útg. 2013.

Irene Nørgaard: **Arveret.** Útg. Jurist- og Økonomforbundets Forlag. 6. útg. 2013.

Caroline Heide-Jørgensen: **Regelsamling i Markedsføringsret.** Danske & EU-retlige markedsføringsregler. Útg. Jurist- og Økonomforbundets Forlag. 2. útg. 2013.

Karsten Engsig Sørensen & Mette Neville: **Selskaber aktuelle emner.** Útg. Jurist- og Økonomforbundets Forlag. 1. útg. 2013.



Er ráðstefna framundan?

Alhliða skipulagning ráðstefna og funda

Engjateigur 5 | 105 Reykjavík | 585-3900 | congress@congress.is | www.congress.is

congress
REYKJAVÍK



Í sjálfboðavinnu fyrir íslenska ríkið

LOKSINS HEIMA eftir langan vinnudag. Fjórtán tíma lota í akkorði, aðalmeðferð handan við hornið.

Hvað ætli fáist upp í þessa fjórtán tíma lotu? Hversu stóran hluta af vinnustundunum ætli dómarrinn viðurkenni og á hvaða taxa ætli ég hafi unnið í dag?

Lögmenn í kjarabaráttu eiga sér enga málsvara. Njóta engrar samúðar og ég skil það vel enda er ímynd starfsins sú að lögmenn séu allir á himinháum töxtum en ekki hlaupandi án þess að vita hversu mikla sjálfboðavinnu þeir inntu af hendi fyrir íslenska ríkið þann daginn. Þetta er hinn blákaldi veruleiki þeirra lögmanna sem hættu sér út í að aðstoða þá sem minna mega sín. Þá sem eiga ekki fyrir málshöfðun og fá því aðstoð ríkisins í formi gjafsóknar til varnar eða sóknar vegna ónógra tekna. Þetta er einnig staðreyndin fyrir þá sem starfa við sakamál, barnaverndarmál eða málefni flóttamanna. Þeir vinna oftast en ekki drjúgan hluta starfs síns í sjálfboðavinnu fyrir íslenska ríkið. Hvernig má þetta vera?

Í fyrsta lagi, tímagjaldið

Staðreyndin er sú að árið 2009 var sett í reglugerð að tímagjald lögmanna í slíkum málum skyldi vera 10.000 krónur. Hafði tímagjaldið þá verið 11.200 krónur frá árinu 2007 en var lækkað árið 2009 og hefur staðið í stað síðan. Hér hafði orðið hrun og allir urðu að spara, líka lögmenn. En síðan þá hafa laun ýmissa stétta hækkað og um áramót fyrirskipuðu skattfyrivöld að lögmenn skyldu hækka sitt reiknaða endurgjald umtalsvert enda miðað

við meðalgjaldskrá á lögmannsstofum landsins.

Ákvörðun í reglugerð um hámarks-tímagjald að fjárhæð 10.000 krónur er líklega um eða undir 50% af meðal-tímagjalda á lögmannsstofum í dag. Þeir sem starfa við áður nefnda málaflokka þurfa því að hugsa sig vel um þegar þeir eru beðnir um að taka að sér verjendastörf, réttargæslu eða störf fyrir barnavernd og Útlendingastofnun. Þurfa þeir að velta því fyrir sér hvort stofan sem þeir reka megi við því að taka við slíku verkefni. 10.000 krónurnar eru nefnilega alls ekki að fara ofan í vasa lögmannsins heldur þvert á móti þarf af þessum krónum að reka lögmannsstofu eins og lög um lögmenn krefjast, greiða starfsábyrgðartryggingu sem einnig er lögbundin og halda úti lágmarks skrifstofukostnaði svo hin lögbundna skrifstofa lögmannsins geti verið opin viðskiptavinum. Húsaleiga hefur hækkað, rekstrarkostnaður hefur hækkað sem og laun starfsfólks, allt hefur hækkað nema taxti lögmannsins í störfum fyrir íslenska ríkið.

Í öðru lagi, tímaskráningin

Ef eini vandi hins sjálfstætt starfandi lögmanns væri tímagjaldið þá væri að minnsta kosti fyrirséð í lok dags hvað greitt yrði fyrir stundirnar sem inntar voru af hendi þann daginn. En því miður þá er það ekki svo því lögmaðurinn getur í störfum sínum aldrei vitað hvað þeim sem ráða greiðslu reikninga hugnast að ákveða varðandi unninn tímafjöldi. Dómarar landsins eru eins misjafnir og þeir eru margir þegar kemur að málflutningsþöknun lögmannsins.

Ákvarðanir lögreglu um að skera niður tímaskráningu á reikningum lögmanna er einnig eins misjöfn og lögregluembættin eru mörg og dagsformið virðist þar oftast en ekki ráða för. Þá loksins reikningarnir fást greiddir í lok málareksturs hjá stjórnvöldum eða fyrir dómi er oftast en ekki búið að skera 20%–50% af unnum stundum. Eftir stendur lögmaður með skrifstofu í fullum rekstri, á hálfum taxa, með unnar vinnustundir sem skornar voru miskunnarlaust niður af þeim sem fá fasta launatékka mánaðarlega frá sama vinnuveitanda.

Í þriðja lagi, gjafsóknarnefnd

Gjafsóknarnefnd er sérstakt fyrirbæri. Þar hefur lögmaðurinn orðið þess var að gjafsóknarleyfi í forsármálum takmarkast við fyrsta svar gjafsóknarnefndar við 400.000 krónur með virðisaukaskatti. Slíku virðist ekki fyrir að fara í annars konar málum þar sem gjafsóknarleyfi er ótakmarkað og miðast við rekstur máls í héraði. Eftir svar gjafsóknarnefndar um hina takmörkuðu gjafsókn skal lögmaðurinn því leggja í nýjan leiðangur fyrir gjafsóknarnefndina til að freista þess að fá fjárhæðina hækkaða enda liggur oft og tíðum fyrir að greiða þarf fyrir forsárhæfnismat, fara í málflutning um bráðabirgðaforsjá, vinna við sáttameðferð innan og utan réttar auk umgengniságreinings sem oftast en ekki blandast inn í forsármálið. Að sækja um aukna gjafsókn tekur tíma lögmannsins sem án efa fæst ekki greiddur. Tapist mál í héraði eru góð ráð dýr. Þyki gjafsóknarnefnd ekki taka því að foreldri sem tapað hefur forsármáli fyrir dómi beri niðurstöðuna undir æðra dómstigi, er gjafsóknarbeiðni

fyrir Hæstarétti einfaldlega synjað. En þar sem gjafsóknarnefnd er önnur kafin berst synjunin því miður ekki fyrr en löngu eftir að áfrýjunarfrestur er liðinn og þá hefur lögmaðurinn þegar lagt út í mikla vinnu og kostnað við ágrípsgerð fyrir Hæstarétt, enda biður enginn Hæstarétt að biða með frestinn. Hver ætlar að borga þann reikning? Varla einstaklingurinn sem uppfyllti skilyrði til gjafsóknar í héraði um tekjur undir tveimur milljónum á ári?

Tímagjald í gjafsóknarmálum var nýlega afnumið af dómstólaráði og dómara því ekki bundnir við 10.000 króna markið. Þar ríkir nú fullkomin ringulreið enda fullkomlega örökstutt hvernig dómari kemst að niðurstöðu um málflutningsþóknun, hvort tveggja tímagjald sem og þóknunlegur tímaföldi

málsins er á huldu. Við þetta þurfa lögmenn sem taka að sér slík mál að búa.

Lögmenn vs. aðrir sérfræðingar

Það getur óneitanlega valdið gremju lögmanna að horfa á dómara ákvarða öðrum sérfræðingum er koma að málum fyrir dómi fulla greiðslu reikninga en lögmönnum einungis hluta þeirra. Hvað veldur þessu veit ég ekki en sálfræðingar, verkfræðingar, tæknifræðingar eða aðrir matsmenn skila inn reikningum fyrir störf sín og fá þá greidda án teljandi umræðu. Lögmenn hins vegar þurfa í fyrsta lagi að rökstyðja málskostnaðarreikninginn fyrir dómi en því næst að þola það að dómari í dag dæmi allt aðra fjárhæð fyrir svipaða

vinnu en dómari morgundagsins og málskostnaðarákvörðunin er vitanlega án nokkurs rökstuðnings.

Að lokum tapar hinn almenni borgari það er ekki bara lögmaðurinn sem tapar á þessu fyrirkomulagi, heldur hinn almenni borgari sem skal lögum samkvæmt njóta réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Andstæðingur hins almenna borgara er svo oft og tíðum sá hinn sami og ákvarðar þóknun lögmans borgarans, nefnilega ríkið sjálft. Það er ríkið sem ákveður hversu mikla vinnu lögmaður borgarans getur innt af hendi fyrir borgarann og getur þannig haft mikil áhrif á aflsmuni hans. Má þá spyrja sig hvort þar sé raunverulega á ferðinni möguleiki á réttlátri málsmeðferð fyrir dómi?



AÐ HVERJU ÞARF ÉG AÐ HUGA?

- lífeyrissjóði og eftirlaunum
- vörn gegn tekjumissi vegna veikinda eða slysa
- skipulegum sparnaði
- uppbyggingu eigna

Almenni lífeyrissjóðurinn veitir faglega og persónulega ráðgjöf og fer vel yfir þín mál.

Hafðu samband við okkur og við finnum hentuga leið fyrir þig og þína

Borgartúni 25 • sími 510 2500 • www.almenni.is



NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Arnbjörg Sigurðardóttir hrl.

Lögmenn Norðurlandi
Skipagötu 9., 3. hæð
600 Akureyri
Sími: 460-5731

Egill Stephensen hrl.

JP lögmenn
Höfðatúni 2, 16. hæð
105 Reykjavík
Sími: 588-5200

Magnús Hrafn Magnússon hrl.

Mandat
Ránargötu 18
101 Reykjavík
Sími: 864-3864

Sigríður Kristinsdóttir hrl.

Acta lögmennsstofa
Smáratorgi 3
201 Kópavogi
Sími: 533-3200

Bjarni Lárusson hrl.

Pacta lögmenn
Laugavegi 99
101 Reykjavík
Sími: 440 7900.

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Lilja Rut Jensen hdl.

MP banki
Ármúla 13a
108 Reykjavík
Sími: 858-3278

Erna Á. Mathiesen hdl.

Atlantik Legal Services
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 415-4725

Hrafnhildur Hjaltadóttir hdl.

Lögfræðiþjónusta Sigurðar
Sigurjónssonar hrl.
Kringlunni 4-12
103 Reykjavík
Sími: 847-4693

Rútur Örn Birgisson hdl.

Lögmenn Lækjargötu
Lækjargötu 2
101 Reykjavík
Sími: 512-1220

Sigrún Helga Holm hdl.

Blásölum 22
201 Kópavogi
Sími: 866-4910

Harald Gunnar Halldórsson hdl.

Stefnir hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-6106

Sunna Ósk Friðbertsdóttir hdl.

Landsbankinn
Hafnarstræti 6., 2. hæð
101 Reykjavík
Sími: 410-4000

Jón M. Bergsson hdl.

Versus lögmenn
Hlíðasmára 19
200 Kópavogi
Sími: 777-1215

Halldóra Kristín Hauksdóttir hdl.

Lögmennsstofan IRIS
Skipagötu 9
600 Akureyri
Sími: 861-8868

Fura Sóley Hjálmarsdóttir hdl.

Arion banki
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 856-6136

Anna Lilja Hallgrímsdóttir hdl.

Lögmennafélag Íslands
Álftamýri 9
108 Reykjavík
Sími: 568-5620

Guðmundur Njáll

Guðmundsson hdl.

Hafnarstræti 20, 3. hæð
101 Reykjavík
Sími: 663-3698

Páll Heiðar Halldórsson hdl.

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík
Sími: 545-9000

Jón Páll Hilmarsson hdl.

Pacta lögmenn
Fosstúni 8
800 Selfossi
Sími: 440-7900

Friðleifur Egill Guðmundsson hdl.

Nordik lögfræðiþjónusta
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 522-5200

Elín Hrefna Ólafsdóttir hdl.

Bonafide lögmenn
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík
Sími: 533-5577

Gestur Gunnarsson hdl.

Draupnir lögmennsþjónusta
Laugavegi 182
101 Reykjavík
Sími: 415-0150

Sigurgeir Valsson hdl.

Kaupþing hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 444-6100

Lárus Michael Knudsen hdl.

Samtök verslunar og þjónustu
Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 551-3007

Jón Stefán Björnsson hdl.

Ármúla 7
108 Reykjavík
Sími: 571-2040

Kristinn Jónasson hdl.

KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími: 666-1033

Jens Fjalar Skaptason hdl.

BBA
Höfðatorgi, 19 hæð
105 Reykjavík
Sími: 550-0500

Lárus Hagalín hdl.

Menntaskólinn við Hamrahlíð
Hamrahlíð 10
105 Reykjavík
Sími: 595-5201

Hjalti Þór Guðmundsson hdl.

Flugþjónustan ehf.
Reykjavíkurlflugvelli
101 Reykjavík
Sími: 552-1611

Unnur Lilja Hermannsdóttir hdl.

Landslög
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 520-2900

Thelma Þorbjörg Sigurðardóttir hdl.

Aratúni 34
210 Garðabæ
Sími: 841-1662

ENDURÚTGEFIN MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI

Birgir Örn Guðmundsson hdl.

BÓG lögfræðistofa ehf.
Austurströnd 12
170 Seltjarnarnesi
Sími: 561-3501

Eyjólfur Ármannsson hdl.

VestNord lögmennt
Hverfisgötu 18
101 Reykjavík
Sími: 821-6772

Jónas A.P. Jónsson hdl.

Katrínartúni 2., 8. hæð
105 Reykjavík
Sími: 540-0400

Hjalti Steinþórsson hrl.

Fasteignamál lögmannsstofa
Laugavegi 59
101 Reykjavík
Sími: 552-7687

Áslaug Björk Björnsdóttir hdl.

Lotus lögmennt
Ármúla 7
108 Reykjavík
Sími: 569-2000

Páll Ásgeir Davíðsson hdl.

KRST lögmannsstofa
Tryggvagötu 11
101 Reykjavík
Sími: 551-6412

NÝR VINNUSTAÐUR

Ómar Karl Jóhannesson hdl.

Pacta – málflytningur og ráðgjöf
Laugavegi 97-99
101 Reykjavík
Sími: 440-7914

Gísli Tryggvason hdl.

VestNord lögmennt
Hverfisgötu 18
101 Reykjavík
Sími: 897-3314

Ingi B. Poulsen hdl.

Logia lögmannsstofa
Laugavegi 3
101 Reykjavík
Sími: 520-1050

Rannveig Borg Sigurðardóttir hdl.

Adecco Group
Saegereistrasse 10
CH-8152 Glattbrugg
Sviss
Sími: +4179-571-8777

Daði Ólafur Elíasson hdl.

BBA
Höfðatorgi, 19. hæð
105 Reykjavík
Sími: 550-0521

Sara Rut Sigurjónsdóttir hdl.

BBA
Höfðatorgi, 19. hæð
105 Reykjavík
Sími: 550-0512

Borgar Þór Einarsson hdl.

CATO lögmennt
Höfðatorgi
105 Reykjavík
Sími: 595-4545

NÝTT AÐSETUR

Ingimar Ingimarsson hrl.

Lögmannsstofa Ingimars
Ingimarssonar hrl.
Ármúla 7
108 Reykjavík
Sími: 519-5501

Elva Ósk S. Wíium hdl.

Lausnir lögmannsstofa/EGS lögmennt
Suðurgötu 62
220 Hafnarfirði
Sími: 563-1803

Herdís Þorgeirsdóttir hdl.

DP lögmennt
Hávallagötu 9
101 Reykjavík
Sími: 551-2876

Versus lögmennt

Guðmundur St. Ragnarsson hdl.
Ólafur Kristinsson hdl.
Hólmgeir Elías Flosason hdl.
Hlíðarsmára 19
201 Kópavogi
Sími: 515-1800

Ert þú að ganga frá bókhaldinu

og veist ekki hvar þú átt
að geyma það?



Hjá okkur eru skjölin þín geymd við fullkomnar aðstæður í nýju öruggu húsnæði. Þú þarft aldrei að hafa áhyggjur af plássleysi, öryggi skjalanna eða því að finna ekki ákveðin skjöl.

Með því að nýta þér þjónustu okkar ert þú komin með framtíðarlausn.

- Betri nýting á húsnæði þínu.
- Yfirlit yfir öll skjöl í geymslu.
- Minni tími fer í leit.
- Allur kostnaður skjalageymslunnar verður sýnilegur.

Hafðu samband og láttu okkur þjónusta þig.

Gagnageymslan ehf.

Smiðshöfði 1, 110 Reykjavík,
sími 587 9800, www.gagnageymslan.is



GAGNAGEYMSLAN

Sími 587 9800



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtubjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is